



Aflmælingar og sýnataka í Kröflu dagana
23/5 til 27/5 1981

Trausti Hauksson, Gestur Gíslason

Greinargerð TH-GG-81-02

Orkustofnun
Jarðhitadeild
1981-06-02

Greinargerð
TH-GG-81/02
þþ

Aflmælingar og sýnataka í Kröflu dagana 23/5 til 27/5 1981

Þrjár holur voru aflmældar og sýni tekin úr sex holum. Helstu niðurstöður athugana eru í töflu I.

Hola 14 er nú nær alveg þornuð og gefur 0,05 kg/s af vatni við eina loftþyngd. Gufumagn við 7 bar abs hefur minnkað um 1,8 kg/s frá síðustu mælingu 28/11 1980, eða um 11% á sex mánuðum. Á sama tíma jókst gas í heildarrennsli úr 1,2% í 1,7%. Hugsanlegt er að þessu valdi aukin kvíkuvirkni og að aflminnkun hafi orðið vegna útfellinga í holunni. Úr þessu fæst e.t.v. skorið þegar heildarefnagreining liggur fyrir.

Hola 13 gefur nú 4,4 kg/s heildarrennsli á móti 5,4 kg/s í mars 1981. Afl hennar hefur verið nokkuð breytilegt og er holun væntanlega stífluð af útfellingu eða skemmd vegna tæringar. Gasstyrkur í gufu er nú 1% en var 1,3% í mars og má ætla að þá hafi gasríkar djúpar æðar gefið inn í holuna.

Hola 15 er nú alveg þurr við eina loftþyngd. Heildarrennsli úr holunni er sama og í mars 1981 en gas hefur minnkað úr 5,3% í 4,7%. Við söfnunarþrýsting 11,5 bar mældist kísilstyrkur í heildarrennsli 32,3 mg/kg sem bendir til innstreymis vatnsfasa í holuna.

Sýni voru tekin að auki úr holum 6, 7 og 11. Ekki var aflmælt en ráðstafanir gerðar til að svo verði gert bráðlega. Ekki mældust markverðar breytingar í efnastyrk vatns og gufu úr holum 6, 7 og 11.

Kröfluvirkjun 27/5 1981

Trausti Hauksson
Gestur Gíslason

Tafla I. Niðurstöður helstu afslmælinga og efnagreiningar

Hola Nº:	Sýni nr.:	Dags.	Ps (bar)	Vatnsfasi				Gufufasi			H_2O (kJ/kg)	Q^T (kg/s)	Q_s 1 bar	Q_s 7 bar
				pH/ $^{\circ}\text{C}$	CO_2	H_2S	SiO_2	Gas%	CO_2	H_2S				
KJ14	1025	810523	12,2	7,76/23	239	27,2	509	1,86	17860	726	2668	14,1	14,1	13,5
KJ13	1026	810524	3,6	8,54/24	99,5	16,0	637	0,97	9220	500	2158	4,4	3,3	3,1
KJ15	1027	810525	11,5	5,49/25	-1)	-1)	32,3	4,67	45500	1070	>2676	4,0	4,0	3,8
KJ6	1028	810526	1,30	8,95/25	163	19,3	485	0,72	6850	356	-2)	-	-	-
KJ7	1029	810526	6,5	7,81/25	217	12,4	379	1,65	15660	844	-2)	-	-	-
KJ11	1030	810526	7,0	7,54/25	213	24,8	317	2,81	27440	620	-2)	-	-	-

1) Vatnsfasa og gufufasa safnað saman

2) Ekkí afslmælt.